

Lög UMFÁ eftir lagabreytingar 2012 – óklárað skjal.

Heiti og markmið

1.gr.

Félagið heitir Ungmennafélag Álftaness og er skammstafað UMFÁ. Félagið hefur aðsetur í Sveitarfélaginu Álftanes.

2.gr.

Markmið félagsins er að:

- standa fyrir iðkun og útbreiðslu íþróttar
- standa fyrir uppbyggjandi félagslífi
- efla áhuga félagsmanna og almennings á líkams- og heilsurækt
- efla áhuga almennings á almennri útivist
- vinna gegn tóbaksreykingum, neyslu áfengis og annarra skaðnautna
- vernda þjóðlega menningu
- vinna að markmiðum og stefnuskrá UMFÍ með kjörorðunum „Íslandi allt“

Merki félags, litir og búningur

3.gr.

Merki félagsins er skjöldur sem stendur á bláum grunni. Neðst í bakgrunni er sólaruppkoma og sólargeislar sem teygja sig upp eftir merkinu. Þrír fljúgandi svanir eru í efri hluta merkis en undir þeim stendur ÁLFTANES.

4.gr.

Aðillitir félagsins eru blár og hvítur Keppnis og æfingabúningur félagsins er blá treyja, bláar buxur og bláir sokkar. Stjórn félagsins ákveður lit á varabúninga.

Félagsaðild og úrsögn

5.gr.

Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess og er samþykktur af meirihluta stjórnar. Sá sem gerist félagi samþykkir að hlíta lögum og reglugerðum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

6.gr.

Hver sá sem hyggst taka þátt í keppni fyrir hönd félagsins verður að uppfylla ákvæði 5.greinar. Að öðrum kosti telst viðkomandi óhlutgengur og félaginu óviðkomandi.

7.gr.

Heimilt er stjórn félagsins að leita samvinnu við styrktarfélag. Styrktarfélagar eru undanþegnir störfum á vegum þess.

8.gr.

Stjórn félagsins er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu, hafi hann í orði eða verki unnið gegn því eða markmiðum þess. Úrskurði stjórnar getur hann skotið til aðalfundar.

9.gr.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna stjórn þess sem staðfestir hana. Stjórnin getur hafnað úrsögn ef viðkomandi aðili er ekki skuldlaus við félagið. Félagsmaður sem ekki hefur greitt árgjald til félagsins í tvö ár hefur fyrirgert öllum rétti sínum innan þess. Hann skal ekki talinn félagsmaður eftir þann tíma. Félagið áskilur sér rétt til þess að krefja hann um áfallin árgjöld.

Stjórn og meginverkefni

10.gr.

Stjórn félagsins skipa níu aðilar, formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari, þrír meðstjórnendur auk tveggja til vara. Stjórn skiptir með sér verkum.

11.gr.

Stjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Meginverkefni stjórnar er að:

- stjórna starfsemi félagsins milli aðalfunda
- hafa umráðarétt yfir eignum félagsins
- sjá um ávöxtun á sjóðum félagsins
- boða til almennra félagsfunda
- halda sérstaka félagaskrá
- sjá á 5 ára fresti um útgáfu á stefnuskrá og stjórnýsluriti fyrir félagið

Stjórn UMFÁ hefur ennfremur eftirfarandi hlutverk:

- heimild til að skipa menn í nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum á vegum félagsins
- yfirumsjón með fjáröflunum sem framkvæmdar eru í nafni félags eða deilda
- tekur ákvörðum um skiptingu þess fjármagns sem félagið hefur aflað og skal í því sambandi hafa hliðsjón af þeim samþykktum sem gerðar eru innan félagsins á hverjum tíma
- hefur úrskurðarvald í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma innan félagsins
- ákveður æfingagjöld iðkenda félagsins í samvinnu við deildir þess
- hefur umsjón með útgáfu ársskýrslu félagsins
- heldur stjórnarfundum eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Fundir skulu skráðir í sérstaka fundargerðabók. Formaður boðar til fundar og leggur fram dagskrá á hverjum fundi
- Halda úti vefsíðu félagsins
- hefur heimild til að skipa nefndir og stofna deildir eða ráð sem hún telur þörf á

Meirihluti ræður úrslitum mála í stjórn. Kaup og sala fasteigna er bundin samþykkt aðalfundar félagsins.

12.gr.

Starf félagsins skal aðgreint í unglínga- og æskulýðsstarf annarsvegar og starfsemi meistaraflokksráða hinsvegar.

Unglínga- og æskulýðsstarf er flokkað niður eftir íþróttagreinum og skal a.m.k einn meðlimur aðalstjórnar vera í forsvari fyrir hverri íþróttagrein ásamt framkvæmdastjóra félagsins og bera þeir ábyrgð á heildarstarfi hverrar íþróttagreinar.

Starfsemi meistaraflokka er á ábyrgð aðalstjórnar félagsins og skal stjórn setja slíkum ráðum verklags- og vinnureglum ásamt því að öllum ráðum er skylt að fara að lögum félagsins og hlýta ákvörðunum stjórnar.

Aðalstjórn skal ekki sjaldnar en einu sinni á ári halda fund með forsvarsmönnum meistaraflokksráða eða staðgenglum þeirra . Á slíkum fundum eru helstu ákvarðanir aðalstjórnar kynntar og stefnumarkandi ákvarðanir ræddar.

13.gr.

Reikningsár félagssins

Aðalfundur

14.gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Rétt til setu á aðalfundi með atkvæðisrétt, málfrelsi og tillögurétt hafa allir skuldlausir félagar. Kjörgengi til stjórnarstarfa og aðalfundar hafa allir lögmætir félagar átján ára og eldri.

15.gr.

Aðalfundur félagsins skal halda árlega á tímabilinu fyrir 15. mars og er hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Boða skal aðalfundur með sjö daga fyrirvara. Stjórn er þó heimilt að fresta aðalfundi við sérstakar aðstæður.

16.gr.

Tillögur til breytinga á lögum skulu sendar aðalstjórn eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfundur og skulu kynntar í fundarboði vegna aðalfundar. Tillögur skulu undirritaðar af flytjendum. Heimilt er að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins sem síðar koma fram ef 2/3 hluti atkvæðisbærra fundarmanna er því samþykkur.

17.gr.

Aðalfundur kýs stjórn félagsins sem skipuð er samkvæmt 10.grein þessara laga. Í stjórnina skal kjósa formann sérstaklega. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir sameiginlega að undangenginni skriflegri tillögu. Komi aðeins fram ein skrifleg tillaga um aðila til stjórnarstarfa er sá eða þeir sem stungið var upp á sjálfkjörnir. Endurtaka skal kosningu, ef atkvæði eru jöfn. Ef atkvæðismunur fæst ekki við það skal varpa hlutkesti.

18.gr.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála nema þegar um er að ræða breytingu á lögum félagsins. Þær öðlast aðeins gildi að 2/3 hluti fundarmanna, sem taka þátt í atkvæðisgreiðslunni, greiða þeim atkvæði. Á öllum fundum innan félagsins skal viðhöfð leynileg atkvæðagreiðsla sé þess óskað.

19.gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- Fundarsetning
- Kosning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar
 - skýrsla formanns
 - skýrsla gjaldkera
- Umræða um skýrslur stjórnar
 - afgreiðsla reikninga
- Ávörp fundargesta
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
 - kosning formanns
 - kosning sex stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna
- Önnur mál
- Fundarslit

Ýmis ákvæði

20.gr.

Félaginu er heimilt að tilnefna heiðursfélaga. Heiðursfélaga skal afhent staðfesting þar að lútandi. Að auki er honum afhent gullmerki félagsins. Val á heiðursfélaga er háð samhljóða samþykki stjórnar. Heiður þessi er sá æðsti sem félagið veitir.

21.gr.

Félaginu er heimilt að veita félagsmönnum merki félagsins í bronsi eða silfri fyrir vel unnin störf í þágu þess. Félagið veitir árlega viðurkenningar fyrir árangur á sviði íþróttá- og æskulýðsmála.

22.gr.

Skoðunarmenn félagsins skulu vera tveir. Skoðunarmenn eru kjörnir í einu lagi.

23.gr.

Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Íþróttá- og tómsfundanefndar Álftaness til varðveislu. Eignir afhendist síðar því félagi sem stofnað verður í sveitarfélaginu með hliðstæðum markmiðum.

24.gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi við samþykkt aðalfundar. Jafnframt falla úr gildi fyrri lög og reglur sem lúta að vissum atriðum þessara laga eða brjóta í bága við þau.